

Reglur um framlag vegna barna hjá dagforeldrum

Gildissvið

Reglur þessar gilda um framlag Leikskólasviðs til dagforeldra vegna daggæslu reykvískra barna í heimahúsum. Framlagið er greitt til dagforeldra til lækkunar daggæslugjöldum foreldra. Framlagið fylgir barninu og gera dagforeldri og foreldrar samning um að framlag Leikskólasviðs fari til dagforeldris að nánari skilyrðum uppfylltum. Í ákveðnum tilfellum geta foreldrar sótt um hækkun á framlagi til dagforeldris hjá Leikskólasviði.

1. Reglur og upplýsingar um dagforeldra

1.a. Starfsleyfi dagforeldra og reglur sem dagforeldrum ber að fara eftir

Dagforeldrar starfa sjálfstætt en Leikskólasvið Reykjavíkurborgar veitir dagforeldrum starfsleyfi og sinnir lögbundnu eftirliti með starfsemi þeirra, sbr. reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum. Nánari upplýsingar um eftirlit með dagforeldrum má sjá í 35. gr. framangreindrar reglugerðar og í bæklingi Leikskólasviðs um daggæslu í heimahúsum.

Dagforeldri er fær framlag Leikskólasviðs vegna daggæslu ber að fara eftir reglum þessum. Dagforeldri ber að kynna foreldrum barna í daggæslu reglur þessar og ber dagforeldri að kanna hvort skilyrðum framlags sé fullnægt.

Starfsleyfi dagforeldris kveður á um hámarksfjölda barna í daggæslu. Ekki er greitt framlag með fleiri börnum en þar er kveðið á um. Fáir dagforeldri framlag frá öðrum sveitarfélögum vegna daggæslu eða ef dagforeldri er með börn sem ekki er greitt framlag með, fækkar börnum sem Leikskólasviðs greiðir með um sama fjölda, þannig að barnafjöldi í daggæslu sé ekki umfram þann fjölda sem dagforeldri hefur starfsleyfi fyrir.

Skilyrði fyrir framlagi vegna daggæslu er að dagforeldri hafi undirritað yfirlýsingu þar sem það skuldbindur sig til að hlíta reglum þessum. Undirritun yfirlýsingar fer fram á þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur í því hverfi sem dagforeldri starfar og þarf dagforeldri að undirrita nýja yfirlýsingu við endurnýjun starfsleyfis.

1.b. Upplýsingar um dagforeldra

Á vefsíðu Leikskólasviðs, www.leikskolasvid.is, er listi yfir starfandi dagforeldra í Reykjavík. Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur eru einnig með lista yfir dagforeldra í hverju hverfi og veitir daggæsluráðgjafi auk þess allar nánari upplýsingar um starfsemi og vinnutíma dagforeldra og laus pláss.

Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur veita dagforeldrum og foreldrum ráðgjöf.

2. Að velja dagforeldri og bið eftir leikskólaplássi

2.a Val foreldra á dagforeldri

Vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð foreldra, sjá nánar reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsum. Réttarsamband dagforeldris og foreldra er einkaréttarlegs eðlis. Leikskólasvið hefur engu að síður eftirlit með starfsemi dagforeldra, sbr. upplýsingar er fram koma í 1. gr. í þessum reglum.

Í kjölfar ákvörðunar foreldris um dvöl barns hjá dagforeldri undirrita dagforeldri og foreldrar samning um framlag Leikskólasviðs, sjá nánar í gr. 3.b. og einnig dvalarsamning. Gerð dvalarsamnings dagforeldris og foreldra fer samkvæmt samkomulagi aðilanna og er án aðkomu Leikskólasviðs.

Foreldrar er njóta lækkunar daggæslugjalda vegna framlags Leikskólasviðs skulu lúta reglum þessum.

2.b. Tilkynning um leikskólapláss

Leikskólasvið áskilur sér rétt til að upplýsa dagforeldri með rafrænum hætti um að barn í daggæslu hafi fengið úthlutað plássi á leikskóla Reykjavíkurborgar. Tilkynningin er eingöngu til upplýsinga fyrir dagforeldri.¹ Segja ber upp samningi um framlag með formlegum hætti, sjá 10. gr. reglnanna. Uppsögn dvalarsamnings foreldra og dagforeldra er samkvæmt ákvörðun þeirra þar um.

2.c. Upplýsingar um börn á biðlista og upplýsingar um boð um vistun

Dagforeldrar eru skuldbundnir til að upplýsa Leikskólasvið um reykvísk börn á biðlista eftir daggæslu og hvort foreldrum hafi verið boðin daggæsla fyrir barn í samræmi við reglur Leikskólasviðs um þjónustutryggingu.

3. Skilyrði framlags til dagforeldris vegna daggæslu

3.a. Skilyrði um aldur, lögheimili barns og fasta búsetu

Skilyrði framlags til lækkunar daggæslugjalda er að skráð lögheimili barns í þjóðskrá og föst búseta þess sé í Reykjavík.

Greitt er framlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að fá greitt hærra framlag vegna hjúskaparstöðu eða

¹ Tekur gildi með nýja leikskólakerfinu Völu þegar unnt verður að senda tilkynningu rafrænt.

náms, sjá grein 6.a. og 6.b. í reglum þessum. Framlag er greitt þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur, ef öllum skilyrðum framlags er fullnægt.

Þegar barn hefur nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags Leikskólasviðs.

3.b. Skilyrði um samning milli dagforeldris og foreldra um framlag Leikskólasviðs

Það er skilyrði fyrir framlagi að dagforeldri og foreldrar undirriti samning um framlag Leikskólasviðs vegna dvalar barns hjá dagforeldri. Fyllt skal í alla reiti samningsins og foreldrum afhent eintak af honum. Þegar barn hættir í daggæslu ber að fylla út viðeigandi eyðublað um uppsögn á samningi um framlag, sjá nánar 10. grein reglnanna. Það sama gildir um breytingar á samningi um framlag, sjá nánar 5. gr. reglnanna.

Nýjum samningum um framlag ber að skila til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar í hverfi dagforeldris eigi síðar en 15. dag hvers mánaðar.

3.c. Skilyrði um auglýstan opnunartíma

Ekki er greitt fyrir fjölda dvalarstunda umfram auglýstan fjölda dvalarstunda dagforeldris á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

3.d. Skilyrði um staðfestingarblað dagforeldris

Það er skilyrði framlags að dagforeldri skili þjónustumiðstöð staðfestingarblaði dagforeldris eða skrái upplýsingar í upplýsingakerfið Völu² eigi síðar en 15. dag mánaðar. Framlag verður greitt í næsta mánuði þar á eftir.

Greitt er í samræmi við upplýsingar sem fram koma á staðfestingarblaði eða upplýsingar í nýja leikskólakerfinu, þar sem dagforeldri skráir upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um greiðslu framlags. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, fasta búsetu, tímabil vistunar barns í viðkomandi mánuði og fjölda dvalarstunda skv. dvalarsamningi. Sérstaklega skal taka fram ef breytingar verða frá fyrra mánuði, s.s. ef nýtt barn byrjar, barn hættir eða fjölda dvalarstunda er breytt.

Skrá þarf upplýsingar vegna herra framlags á staðfestingarblað eða í upplýsingakerfið Völu, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að hafa borist þjónustumiðstöð eða Leikskólasviði eftir því sem við á.

Fái dagforeldri framlag frá öðrum sveitarfélögum vegna daggæslu eða ef dagforeldri er með börn sem ekki er greitt framlag með fækkar börnum sem Leikskólasvið greiðir með um sama fjölda þannig að heildarfjöldi barna í daggæslu sé ekki umfram það sem dagforeldri hefur starfsleyfi fyrir. Því er gerð krafa um að veittar séu upplýsingar um önnur börn í daggæslu.

4. Greiðsla framlags

² Unnið er að gerð nýs upplýsingakerfis fyrir Leikskólasvið sem tekið verður í notkun á árinu 2010. Kerfið hefur fengið nafnið Vala.

Framlagið er greitt mánaðarlega. Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð, fyrsta virkan dag í hverjum mánuði. Ef upplýsingum er skilað eftir 15. dag mánaðarins getur það leitt til þess að ekki sé unnt að greiða fyrirfram framlag vegna næsta mánaðar á eftir.

5. Breytingar á vistunartíma barns

Ef breyting verður á vistunartíma barns ber dagforeldri og foreldrum að fylla út þar til gert eyðublað. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur vegna breytinga er einn mánuður og skal breyting miðast við 1. og 15. hvers mánaðar. Eyðublaðinu ber að skila til þjónustumiðstöðvar eigi síðar en 15. dag mánaðar áður en breyting á sér stað.

6. Fjárhæð framlags Leikskólasviðs

Leikskólasvið greiðir hluta af kostnaði við vistun barna í hlutfalli við þann tíma sem þau dvelja hjá dagforeldri.

Fjárhæð framlags og hámarksfjöldi niðurgreiddra dvalarstunda fer eftir ákvörðun borgarstjórnar hverju sinni og er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti um framlag vegna barna hjá dagforeldrum.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda skal vera í samræmi við fyrrgreinda ákvörðun og dvalarsamning foreldra við dagforeldri.

Foreldrar geta sótt um hærra framlag til Leikskólasviðs, sjá nánar gr. 6.a., 6.b., 6.c., 6.d. og 6.e. Ef hærra framlag er veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga foreldra er hægt að endurkrefja þá um ofgreitt framlag samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Ef veitt hefur verið hærra framlag á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga sem stafa frá dagforeldri er hægt að endurkrefja dagforeldri samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Það sama á við vegna ofgreiðslu sem verður vegna breytinga sem ekki voru fyrirséðar þegar framlag var greitt vegna viðkomandi mánaðar.

6.a Hærra framlag vegna barna námsmanna

Greitt er hærra framlag vegna barna námsmanna sem:

1) Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám í dagskóla sé að ræða.

2) Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám í dagsskóla, að lágmarki 15 einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám í dagskóla sé að ræða.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem koma fram upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám í dagskóla sé að ræða.

Greitt er hærra framlag frá þeim degi sem skólavottorði er skilað til Leikskólasviðs.
Hærra framlag er ekki veitt afturvirk.

6.b. Hærra framlag vegna barna einstæðra foreldra

Hærra framlag er veitt að fenginni umsókn foreldris sem staðfest er af dagforeldri. Umsókn skal endurnýjuð árlega, fyrir 15. ágúst ár hvert og send Leikskólasviði.

1) Greitt er hærra framlag til dagforeldris vegna barna einstæðra foreldra sem skráðir eru einstæðir í þjóðskrá.

- 2) Leikskólasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á því að foreldrar séu einstæðir, s.s. að foreldri undirriti staðfestingu þess efnis.
- 3) Ef foreldrar skilja/slíta sambúð er greitt hærra framlag frá þeim degi sem upplýsingar eru skráðar í þjóðskrá.

Hærra framlag er veitt frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt. Hærra framlag er ekki veitt afturvirk.

6.c. Hærra framlag vegna örorku foreldra

Greitt er hærra framlag vegna barna 75% öryrkja.

- 1) Sækja þarf um hærri framlag vegna örorku foreldra og skal umsókninni fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir að lágmarki 75% örorku.
- 2) Greitt er hærra framlag frá þeim degi sem foreldri skilar umsókn og afriti af örorkuskírteini til Leikskólaskólasviðs.

Hærra framlag er veitt frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt. Hærra framlag er ekki veitt afturvirk.

6.d. Hærra framlag vegna systkina

Ef systkini eru hjá dagforeldri greiðist viðbótargreiðsla skv. ákvörðun borgarráðs. Fjárhæðin er birt á heimasíðu sviðsins í yfirliti yfir framlag vegna barna hjá dagforeldrum.

6.e. Hærra framlag til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar

Hærra framlag fá starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar sem:

- 1) Sækja um hærra framlag á þar til gerðu eyðublaði
- 2) Eru að lágmarki í 70% starfi til að fá hærra framlag fyrir barn í heilsdagsvistun
- 3) Eru að lágmarki í 50% starfi til að fá hærra framlag fyrir barn í hálf dagsvistun
- 4) Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns hefur staðfest réttmæti umsóknar

Hærra framlag er greitt frá því að umsókn berst Leikskólasviði. Hærra framlag er ekki veitt afturvirk.

Hærra framlag fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi. Þegar framangreint á við ber viðkomandi að tilkynna Leikskólasviði það á þar til gerðu eyðublaði. Þegar starfsmaður kemur úr launalausum leyfi ber að sækja um að afslátt að nýju.

Starfsmanni ber einnig að tilkynna Leikskólasviði ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á framlag til daggæslu.

Hafi starfsmaður fengið hærra framlag vegna barns hjá dagforeldri þegar ekki var réttur til hærra framlags áskilur Leikskólasvið sér rétt til að krefjast greiðslu ofgreidds framlags afturvirk.

7. Framlag Leikskólasviðs og lokun daggæslu

Dagforeldrum er greitt framlag vegna dvalar barna með lögheimili og fasta búsetu í Reykjavík mánaðarlega í 11 mánuði á ári að hámarki. Ekki er greitt framlag í júlímánuði. Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í einn mánuð.

Dagforeldri er heimilt að loka daggæslu vegna námskeiðsdags einn dag á ári og einnig vegna tilfallandi veikinda eða sérstakra skammvinnra forfalla án þess að framlag skerðist. Loki dagforeldri umfram framangreint lækkar framlag hlutfallslega.

Dagforeldri ber að tilkynna foreldrum og þjónustumiðstöð um lokun umfram framangreinda daga eigi síðar en 15. dag mánaðar áður en leyfi hefst þannig að til lækkunar framlags komi í þeim mánuði er umframlokun á sér stað.

8. Leiðrétting framlags Leikskólasviðs að beiðni dagforeldris

Framlag verður ekki greitt lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef Leikskólasvið hefur greitt framlag fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar eða þjónustutryggingar, verður framlag lækkað um sömu fjárhæð.

Ef dagforeldri verður vart við mistök á greiðslu framlags ber því að tilkynna Leikskólasviði það án tafar.

9. Ofgreiðsla framlags

Komi í ljós að Leikskólasvið hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga frá dagforeldri, mun Leikskólasvið lækka framlag til dagforeldris við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sé hætt í daggæslu. Ef ekki reynist unnt að skuldajafna fer krafan í innheimtu sem hefur í för með sér vaxta- og innheimtukostnað. Dagforeldri getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt niður á þrjá mánuði.

10. Uppsögn

Dagforeldri og foreldrum ber að segja upp samningi um framlag vegna daggæslu barns á þar til gerðu eyðublaði. Leikskólasvið greiðir framlag á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Fyllt skal í alla reiti eyðublaðsins. Segi foreldrar upp samningi um framlag fyrir t.d. 15. dag mánaðarins getur greiðsla með barni hafist á nýjum stað 15. dag næsta mánaðar á eftir.

Dagforeldri ber að skila eyðublaði með uppsögn á framlagi til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar eða skrá upplýsingar um uppsögn á framlagi í upplýsingakerfið Völu þegar uppsögn á sér stað til að unnt sé að vista barn í aðra vistun eða óska eftir þjónustutryggingu en einnig til að tryggt sé að ekki verði greitt framlag vegna barns eftir að uppsagnarfrestur er liðinn, sbr. framangreinda fresti. Foreldrar geta kynnt sér hvort dagforeldri hafi skilað uppsögn á samningi um framlag í Rafræna Reykjavík.

Uppsögn dvalarsamnings dagforeldris og foreldra sætir sjálfstæðri uppsögn í samræmi við ákvæði viðkomandi dvalarsamnings.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri eða þá að foreldrar fá greidda þjónustutryggingu.

Mikilvægt er að uppsagnarfrestur hjá dagforeldri sé virtur, því framlag fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað hefst ekki fyrr en að uppsagnarfresti liðnum.

Fyrsti mánuður barns hjá dagforeldri er reynslumánuður foreldra og dagforeldris. Ákveði foreldrar eða dagforeldri að barn hætti daggæslu innan fyrsta mánaðarins er fyrirvaralaus uppsögn heimil. Dagforeldri á rétt á framlagi Leikskólasviðs fyrir þennan mánuð. Hefji barn daggæslu hjá öðru dagforeldri innan sama mánaðar verður sú dvöl ekki niðurgreidd af hálfu Leikskólasviðs nema til komi samþykki fyrra dagforeldris um endurgreiðslu framlags.

11. Eftirlit með framlagi Leikskólasviðs

Leikskólasvið áskilur sér rétt til að kanna hvort farið er að reglum þessum, t.d. með skoðun dvalarsamninga, heimsóknum til dagforeldra og með annarri upplýsingagjöf frá dagforeldrum.

12. Niðurfelling framlags til dagforeldris

Leikskólasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslur skv. þessum reglum, t.d. ef um meiriháttar brot er að ræða á reglunum, dagforeldri missir leyfi Reykjavíkurborgar til daggæslu í heimahúsi, barn byrjar á leikskóla eða þjónustutrygging er þegar greidd vegna tímabilsins.

13. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. september 2010.